

Alþingi
Erindi nr. Þ 131/65
komudagur 12. 11. 2004



Samtök verslunar og þjónustu
Federation of Trade & Services

Nefndasvið Alþingis
b.t. Efnahags- og viðskiptanefndar
Austurstræti 8-10
150 Reykjavík

Reykjavík, 12. nóv. 2004

Efni: Frumvarp til laga um tekju- og eignaskatta, 7. mál, hlutfall fjármagnstekjuskatts.

SVP-Samtök verslunar og þjónustu (SVP) hafa yfirfarið þetta frumvarp og vilja hér með koma umsögn sinni um það til Efnahags- og viðskiptanefndar Alþingi.

Reifun máls

Í frumvarpinu er mælt fyrir um hækkun fjármagnstekjuskatts um 80%, þ.e.a.s. út 10% í 18%. Í greinargerð kemur fram að þetta muni trúlega skila ríkinu rúmlega 3 milljörðum í viðbótartekjur árlega enda þótt sett séu skattleysismörk sem miðast við 120 þús. kr. tekjur einstaklinga á ári. Í greinargerðinni er m.a. vísað til skatta af launatekjum þegar mælt er fyrir umræddri breytingu á fjármagnstekjuskattinum.

Lokaorð

SVP- Samtök verslunar og þjónustu þakka fyrir að fá tækifæri til að veita umsögn um frumvarpið. Samtökin lýsa sig andvíga þessu frumvarpi. Ástæðan er einkum sú, að við 10% skattstigið sem verið hefur í gildi hafa viðskipti með verðbréf og eignarhluta í fyrirtækjum aukist stórlega og fjármagn þannig runnið inn í atvinnulífið og hjálpað til að byggja það upp. Jafnframt hefur hagkerfið staðið í blóma og á sú staðreynd að fjármagnstekjuskattur eru ekki hærri en raun ber vitni án vafa þátt í þessu. Eins má benda á að varasamt er að leggja að jöfnu skatta af launatekjum og fjármagni eins og oft hefur verið bent á. Samanlagður skattur á rekstrarhagnað fyrirtækja að viðbættum arðgreiðslum er rúmlega 26%.

SVP telja að sá ávinningur sem að framan getur gæti tapast við þá miklu hækkun sem frumvarpið gerir ráð fyrir á fjármagnstekjuskatti og leggst því gegn samþykkt þess eins og áður getur.

Virðingarfyllt,

Sigurður Jónsson framkvæmdastjóri